

greiða þann hluta, sem sjóðfélaginn hefur sjálfur greitt, enda komi krafa þar um innan þriggja ára frá lokum iðgjaldagreiðsluárs. Telji sjóðstjórn endurgreiðslurétt ótvíræðan og upplýsingar um móttakanda fullnægjandi, skal hún sjá um endurgreiðslu, annað hvort til söluaðila eða beint til iðgjaldagreiðanda, án þess, að krafa sé gerð. Þá skulu iðgjöld, sem innheimt eru umfram þau mörk, sem tilgreind eru í 2. málsg. 3. gr., endurgreidd eigi sjaldnar en einu sinni á ári.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 214 1971 um sjóðfélaga Lífeyrissjóðs bænda og iðgjöld til sjóðsins.

Fjármálaráðuneytið, 10. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

10. desember 1975.

Nr. 516.

REGLUGERÐ

um eftirlaun samkvæmt II. kafla laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda.

1. gr.

Eftirlaun skiptast í ellilífeyri og makalífeyri.

Þeim, sem fæddir eru árið 1914 eða fyrr, hafa verið bændur á lögbýlum og átt þar lögheimili, skal tryggður ellilífeyrir í samræmi við ákvæði 4. gr., enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði:

- Hafi náð 70 ára aldri.
- Hafi látið af búskap. Bóndi, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á ellilífeyri án tillits til, hvort hann hefur látið af búskap eða ekki.
- Eigi að baki a. m. k. 10 ára réttindatíma, sbr. 4. málsg. Vanti mann, sem látið hefur af búskap á árunum 1964—1969, brot úr ári til að ná fullum 10 árum, veldur það þó ekki réttindamissi, ef hann hefur látið af búskap á tímabilinu frá fardögum til ársloka og hefði með búskap til loka þess árs náð fullum 10 árum.

Nú andast maður, sem öðlast hafði rétt til ellilífeyris samkvæmt 2. málsg. eða var að ávinna sér slíkan rétt og hefði getað uppfyllt skilyrði c.liðar 2. málsg. með áframhaldandi réttindavinnslu, og skal þá eftirlifandi maki eiga rétt til makalífeyris samkvæmt 4. gr., enda hafi hinn látni fallið frá eftir 31. desember 1964 og áunnið sér a. m. k. 5 ára réttindi, sbr. 4. málsg., og fullnægt sé skilyrðum 1. málsg. 11. gr. laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda um aldur og hjúskapartíma. Sambúð, sbr. 3. málsg. 11. gr. laganna, veitir sama rétt og hjúskapur, enda hafi skilyrðum 21. gr. um tilkynningu til sjóðsins verið fullnægt. Þá er stjórn sjóðsins heimilt að veita systur bónda, sem annast hefur heimili hans, hliðstæðan lífeyri að honum látnum, enda hafi bæði verið ógift, sbr. 3. málsg. 11. gr. laganna og 2. málsg. bráðabirgða-ákvæða laga nr. 67 1974.

Til réttindatíma skal einungis reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbýli og átt þar lögheimili. Réttindatími manns, sem ekki hafði náð 55 ára aldri í árslok 1954, reiknast frá 1. næsta mánaðar eftir, að þeim aldri er náð. Réttindatími reiknast í heilum mánuðum, en aldrei skal hann þó reiknast lengri en 20 ár.

Heimilt er stjórn sjóðsins að víkja frá skilyrðum þessarar greinar um lögheimili, ef hlutaðeigandi bóndi hefur haft meiri hluta tekna sinna af búvöruframleiðslu. Enn fremur er henni heimilt að víkja frá skilyrðum um lögbyli, ef um hefur verið að ræða verulegan búrekstur, sem hlutaðeigandi hefur haft allar eða nær allar tekjur sínar af. Leita skal álits stjórnar hlutaðeigandi búnaðarsambands á, hvaða bylum á sambandssvæðinu megi í þessu sambandi jafna til lögbyla, áður en umsókn frá umsækjanda utan lögbylis er afgreidd.

2. gr.

Við ákvörðun um, hvort umsækjandi um ellilífeyri eða sá, sem umsókn um makabætur er tengd við, telst bóndi á lögbyli eða hafa látið af búskap, skal að jafnaði farið eftir ábúendaskrá Landnáms ríkisins.

Nú færir umsækjandi rök að því, að ekki hafi verið um rétta eða fullnægjandi skráningu að ræða hjá Landnámi ríkisins, og skal þá stjórn sjóðsins úrskurða um lífeyrisréttindi með hliðsjón af skattframtölum, landbúnaðarskýrslum og öðrum gögnum, er máli geta skipt. Á sama hátt skal stjórnin taka skráningu til athugunar og úrskurðar, ef gögnum ber ekki saman eða hún telur af öðru tilefni ástæðu til að ætla, að skráning hafi verið ófullnægjandi eða röng.

3. gr.

Til réttindatíma skal reikna þann tíma frá og með árinu 1955, sem hlutaðeigandi hefur verið bóndi á lögbyli og átt þar lögheimili eftir 55 ára aldur.

Réttindatími reiknast í mánuðum frá 1. janúar 1955 eða 1. næsta mánaðar eftir að 55 ára aldri er náð, eftir því sem við á, til loka þess mánaðar, er látið er af búskap. Ef ekki er ljóst, á hvaða tíma árs bóndi hefur látið af búskap, skal miðað við 31. maí. Búskapartími eftir 70 ára aldur reiknast með réttindatíma, en þó getur samanlagður réttindatími aldrei orðið lengri en 20 ár.

4. gr.

Fjárhæð elli- og makalífeyris, sem veittur er samkvæmt 1. gr., miðast við réttindatíma, sbr. 4. málsg. 1. gr. Makalífeyrir skal enn fremur miðast við meðaltal grundvallarlauna, sbr. 2. málsg. 8. gr. laga nr. 101 1970, næstu 5 almanaksár, áður en taka lífeyris hefst, og sama gildir um ellilífeyri, ef skilyrðum 3. málsg. 1. gr. um hjúskap eða sambúð er fullnægt, en að öðrum kosti skal ellilífeyrir miðast við 20% lægri tekjur. Skal ellilífeyrir nema 1,8% nefndra tekna fyrir hvert réttindaár, en makalífeyrir skal nema 5% að viðbættum 1% fyrir hvert réttindaár.

Hafi bóndi stundað búskap, þar til hann lést, og verið yngri en 67 ára, skal við ákvörðun hundraðshluta makalífeyris auk réttindatíma samkvæmt 4. málsg. 1. gr. taka tillit til þess tíma, sem eftir var til 67 ára aldurs bóndans.

Árin 1968—1975 skulu grundvallarlaun reiknast sem hér segir:

Árið 1968	kr. 191 236.00
— 1969	— 209 046.00
— 1970	— 240 167.00
— 1971	— 318 731.00
— 1972	— 327 932.00
— 1973	— 418 651.00
— 1974	— 494 681.00

Frá og með árinu 1976 skulu grundvallarlaun reiknuð í samræmi við upplýsingar verðlagsnefndar landbúnaðarvara (sexmannanefndar).

Þeir, sem rétt eiga á lífeyri, er miðast við grundvallarlaun árána 1968—1972 eða eldra tímabils, skulu frá 1. janúar 1974 fá lífeyri miðaðan við grundvallarlaun 1969—1973.

5. gr.

Eigi maður, auk réttindatíma sem bóndi, jafnframt að baki réttindatíma samkvæmt lögum nr. 63 1971, um eftirlaun til aldraðra félaga í stéttarfélögum, skal taka tillit til samanlagðs réttindatíma og ákveða lífeyrisgreiðslur í hlutfalli við réttindatíma og fjárhæð, sem hvor aðili hefði greitt, ef réttindatíminn hefði verið óskiptur. Aldrei skal reikna sama tímabil sem réttindatíma hjá báðum aðilum. Stjórn sjóðsins skal hafa samráð við umsjónarnefnd eftirlauna um nánari tilhögun við úrskurðun og greiðslu lífeyris samkvæmt þessari málsgrein.

6. gr.

Nú eiga sér stað slit hjúskapar eða óvígðrar sambúðar eftir að manni hefur verið úrskurðaður lífeyrir sem kvæntum bónda, og skal þá skipta að jöfnu ellilífeyri samkvæmt 4. gr. og hluta Lífeyrissjóðs bænda af ellilífeyri samkvæmt 5. gr. miðað við þann réttindatíma, sem hjónaband eða sambúð hefur staðið.

7. gr.

Lífeyrir samkvæmt 9. og 11. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda kemur til frádráttar lífeyrisgreiðslum samkvæmt 4. gr. og hluta Lífeyrissjóðs bænda af lífeyri samkvæmt 5. gr. Telst frestun samkvæmt 9. gr. laganna lokið, um leið og greiðslur samkvæmt 4. eða 5. gr. hefjast. Verði lífeyrir hærri samkvæmt 9. eða 11. gr. laganna, telst ekki vera um lífeyrisgreiðslur samkvæmt 4. og 5. gr. að ræða.

Greiðslur úr öðrum lífeyrissjóðum og hliðstæðar greiðslur úr ríkissjóði eða öðrum opinberum sjóðum koma til frádráttar greiðslum samkvæmt 4. og 5. gr. Hafi hlutaðeigandi eftir árslok 1969 gengið úr lífeyrissjóði og afsalað sér réttindum sínum þar, skal sá lífeyrir, sem hann ella hefði átt rétt á, dragast frá á sama hátt. Stjórn Lífeyrissjóðs bænda úrskurðar, hvernig innstæða í lífeyrissjóði með sér-eignaskipulagi skuli metin til frádráttar.

Lífeyrir samkvæmt 4. og 5. gr. skerðist, ef hlutaðeigandi hefur tekjur af vinnu, er nema $1/5$ grundvallarlauna eða meira á almanaksári, sbr. 2. málsg. 8. gr. laga um Lífeyrissjóð bænda, og skal þá skerða lífeyrinn um $1/12$ fyrir hvern $1/12$ hluta grundvallarlauna. Skerðist lífeyrir með þessu móti um meira en $3/4$, skal hann felldur niður með öllu. Telji sjóðstjórn tekjulið vera að nokkru leyti vinnutekjur, en að nokkru leyti eignatekjur, skal hún áætla skiptingu hans í þessa tvo hluta. Atvinnuleysisbætur og slysadagpeningar teljast til vinnutekna í þessu sambandi.

8. gr.

Greiðslur eftirlauna eiga sér stað frá 1. næsta mánaðar eftir, að hlutaðeigandi hefur öðlast rétt til þeirra. Aldrei skal úrskurða lífeyri lengra aftur í tímann en tvö ár.

Eftirlaun greiðast eftir á fyrir hvert greiðslutímabil, er stjórn sjóðsins ákveður. Þó skal eigi greiða oftari en mánaðarlega og eigi sjaldnar en ársfjórðungslega.

Heimilt er stjórn sjóðsins að semja við Búnaðarbanka Íslands um, að bankinn annist greiðslu lífeyris fyrir sjóðinn samkvæmt reglugerð þessari. Skal þá bankinn gera ársfjórðungslega kröfu á hendur ríkissjóði, sem greiðir 62,5% útgjalda, og Stofnlánadeild landbúnaðarins, sem greiðir 37,5% útgjalda. Skal miðað við, að þessir aðilar geri skil á áætluðum útgjöldum hvers ársfjórðungs ásamt endanlegu uppgjöri fyrir næsta ársfjórðung á undan eigi síðar en tveimur vikum fyrir lok ársfjórðungsins.

9. gr.

Umsóknir um eftirlaun skulu ritaðar á eyðublöð, er stjórn sjóðsins lætur gera. Umsækjendum er skylt að svara öllum spurningum og veita þær upplýsingar, sem nauðsynlegar eru til þess, að hægt sé að úrskurða um eftirlaunarétt.

Telji stjórn sjóðsins upplýsingar um einhver þau atriði, er máli skipta um eftirlaunarétt, vera ófullnægjandi, skal hún fresta úrskurði, uns úr hefur verið bætt, eða miða greiðslu við þann rétt, sem ótvíræður er.

10. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 24. gr. laga nr. 101 1970, um Lífeyrissjóð bænda og öðlast gildi þegar í stað. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 120 1971 um eftirlaun samkvæmt II. kafla nefndra laga.

Fjármálaráðuneytið, 10. desember 1975.

Matthías Á. Mathiesen.

Höskuldur Jónsson.

Nr. 517.

4. desember 1975.

AUGLÝSING

um breytingu á reglum um fólkvang í Bláfjöllum.

Hinn 21. mars 1973 gaf ráðuneytið út auglýsingu um fólkvang í Bláfjöllum. Í fylgiskjali voru birtar reglur um hið friðlýsta svæði.

Samkvæmt tillögu Náttúruverndarráðs er hér með gerð breyting á nefndum reglum.

Nýtt ákvæði bætist við reglurnar og orðast það þannig:

„4. Stjórn fólkvangsins er heimilt að takmarka eðabanna umferð vélknúinna farartækja innan marka fólkvangsins.“

Breytingin öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar í Stjórnartíðindum.

Menntamálaráðuneytið, 4. desember 1975.

Vilhjálmur Hjálmarsson.

Birgir Thorlacius.

Nr. 518.

1. desember 1975.

AUGLÝSING

um friðlýsingu Teigahorns við Berufjörð, Suður-Múlasýslu.

Samkvæmt heimild í 22. gr. laga nr. 47/1971 um náttúruvernd hefur Náttúruverndarráð fyrir sitt leyti ákveðið að friðlýsa sem náttúruvætti Teigahorn í Búlandshreppi í Suður-Múlasýslu.

Mörk náttúruvættisins eru þessi:

Frá stórstraumsfjöruborði að núverandi þjóðvegi milli Búlandsár að innan og Eyfreyjunesvíkur (Prófastsgötu) að utan.

Um svæðið gilda þessar reglur:

1. Hvergi má raska jarðmyndunum og bannað er að hrófla við steintegundum og flytja þær út af svæðinu.

Eðlilegar framkvæmdir vegna búskapar á Teigahorni eru undanskildar þessum ákvæðum, svo og efnistaka við Búlandsá.

2. Óheimilt er að fara um svæðið nema með leyfi landeiganda, ábúanda á Teigahorni sem hefur eftirlit með náttúruvættinu í umboði Náttúruverndarráðs.